

BSc RANNSÓKNARVERKEFNI

E-504-BSC1



Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: E-114-RATO, E-315-RATO, E-411-RATO og E-313-SATI.

Skipulag: Reglulegar kennslustundir og fundir.

Kennari: Jack James og aðrir kennarar deildarinnar.

Lýsing: Nemendur velja sér og vinna rannsóknarverkefni undir leiðsögn leiðbeinanda. Verkefnið felur meðal annars í sér fræðilegt yfirlit yfir stöðu þekkingar á sviðinu, framsetningu prófanlegra rannsóknarspurninga eða tilgátna, val á rannsóknarsniði, aðferð og framkvæmd við öflun gagna, notkun á viðeigandi tölfræðilegri greiningu, túlkun niðurstaðna og skrif rannsóknarskýrslu.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðunum loknum á hver nemandi að geta:

Þekking

- Notað námsleiðbeiningar og skrifað tillögu um að kanna prófanlega rannsóknarspurningu sem hefur vísindalegt gildi fyrir sálfræði.

Leikni

- Skrifað ritrýni um efni á sama sviði og rannsóknarviðfangsefnið sem valið hefur verið.
- Lokið ferlinu um siðfræði rannsóknar, þ.m.t. skil á umsóknareyðublaði um siðfræði rannsóknar (*Research Ethics Application Form*).
- Staðið að öllu leyti við tilgreinda fresti og gefið leiðbeinanda reglulega upplýsingar um framvindu verkefnisins með sérstakri áherslu á að leiðbeinandinn viti af öllum óvæntum bakslögum eða hindrunum.
- Beitt gagnrýnni hugsun við túlkun á rannsóknarniðurstöðum að teknu tilliti til takmarkana.
- Flutt erindi um rannsóknina.

Hæfni

- Notað námsleiðbeiningar, skrifað tillögu um að kanna prófanlega rannsóknarspurningu sem hefur vísindalegt gildi fyrir sálfræði.
- Framkvæmt hina samþykktu rannsókn undir leiðsögn.

Námsmat: Skrifleg verkefni sem tengjast rannsóknarverkefni, munnleg kynning og rannsóknarskýrsla.

Kennsluaðferðir: Samvinna leiðbeinanda og nemenda, umræður, munnleg kynning og skrif rannsóknarskýrslu.

Tungumál: Enska.

ECTS: 6.